

Nd.

46. Frumvarp

til laga um atvinnu við vjlgæslu á íslenskum mótorskipum.

Flutningsmaður: Magnús Kristjánsson.

1. gr.

Öllum er heimilt að stunda atvinnu við vjlgæslu á íslenskum mótorskipum, með takmörkunum þeim, sem settar eru í lögum þessum.

2. gr.

Sá hefir rjett til að stunda vjlgæslu á mótorskipum með minni vjel en 10 hestafla, er sýnt getur skrásetningarstjóra vottorð frá tveim vjlgæslu-

mönnum, er skirteini hafa frá mótorskólanum í Reykjavík, sem stofnaður var með lögum nr. 13, 18. nóv. 1920, eða námsskeiði Fiskifjelags Íslands, um að hann sje fær um að gegna starfinu.

3. gr.

Sá hefir rjett til að stunda vjelgæslu á mótorskipum með 10 til 50 hestafla vjel, er sannað getur, að hann hafi staðist próf við mótorskólann í Reykjavík eða námsskeið Fiskifjelags Íslands.

4. gr.

Sá hefir rjett til að stunda vjelgæslu á mótorskipum með 50—150 hestafla vjel, er staðist hefir fullnaðarpróf við mótorskólann í Reykjavík, og auk þess verið að minsta kosti 6 mánuði vjelgæslumaður samkvæmt 3. grein. Sbr. þó 7. gr. þessara laga.

5. gr.

Sá hefir rjett til að vera 1. vjelstjóri á mótorskipi með 150 hestafla vjel og þar yfir, sem hefir fullnaðarpróf frá Vjelstjóraskóla Íslands eða skirteini sem 1. vjelstjóri samkvæmt 7. gr. laga frá 3. nóv. 1915, um atvinnu við vjelgæslu á gufuskipum, og auk þess verið að minsta kosti þrjá mánuði aðstoda vjelstjóri á mótorskipi með 50 hestafla vjel eða stærri.

6. gr.

Á mótorskipum með 10 til 50 hestafla vjel skal vera einn vjelgæslumaður, sem fullnægir skilyrðum 3. gr., og einn aðstoðarmaður, sem fullnægir 2. gr. Þó skulu dráttarbátar og aðrir þeir bátar, sem notaðir eru við hafnir eða til stuttra ferða, eigi skyldir að hafa þennan aðstoðarmann.

Á mótorskipum með 50 til 150 hestafla vjel skal vera einn vjelgæslumaður, sem fullnægir kröfum 4. gr., og einn, sem fullnægir kröfum 3. gr.

Á mótorskipum með vjel yfir 150 hestöfl skal vera vjelalið samkvæmt ákvæðunum í 1. málsgr. 12. gr. nefndra laga 3. nóv. 1915.

7. gr.

Eftir að mótorskólinn í Reykjavík hefir starfað í 5 ár, getur enginn orðið yfirvjelstjóri á mótorskipum með stærri vjel en 50 hestafla, nema hann sanni, að hann hafi staðist fullnaðarpróf við mótorskólann í Reykjavík. Þó heldur yfirvjelstjóri, er staðist hefir námsskeiðspróf Fiskifjelags Íslands eða fullnægir ákvæðum 5. gr., rjettindum sínum, ef ekkert það er fram komið, er sanni, að hann sje óhæfur til að gegna starfinu.

Þeir yfirvjelstjórar og vjelstjórar á mótorskipum, sem gegnt hafa því starfi lengur en 1 ár áður en lög þessi öðlast gildi, eiga rjett til að halda stöðu sinni á samskonar skipi og þeir hafa áður á verið.

8. gr.

Mótorvjelgæslu-skirteini skal gefið út af lögreglustjóra, og skal það

samið eftir reglum, er stjórnarráð Íslands setur. Fyrir hvert skirteini greiðist 10 krónur, er renna í rikissjóð.

9. gr.

Nú vill einhver ekki hlita úrskurði lögreglustjóra um útgáfu skirteinis, og skal hann þá leggja málið undir úrskurð stjórnarráðsins, en við það skerðist þó eigi rjettur hans til að leita dómsúrskurðar um málið.

10. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, alt að 500 krónum. Sje brotið itrekað, getur sektin hækkað upp í 1000 krónur. Brot þessi sæta opinberri rannsókn, og skal farið með þau sem almenn lögreglumál.

Greinargerð.

Alþingi 1920 samþykkti, eins og kunnugt er, lög um kenslu í mótorvjel-fræði. Lög þessi hafa að vísu ekki komið til framkvæmda enn, og mun einkum borið við húsnæðisskorti þessum drætti til afsökunar. Þess má þó að líkindum vænta, að hæstvirt stjórn muni telja sjer skylt að koma málinu til framkvæmdar mjög bráðlega, enda hefir Alþingi sýnt, að því er ljóst, að hjer er um brýna þörf að ræða, sem ekki verður til lengdar undan komist.

Jafnframt því sem áðurnefnd vjelfræðideild tekur til starfa verður að sjálfsögðu að ákveða með lögum um skyldur og rjettindi þeirra manna, sem vjeligæslu stunda á mótorskipum, engu síður en á öðrum skipum, og þess vegna er frumvarp þetta fram komið.

Mál þetta lá fyrir þinginu 1921 og hafði góðan byr í báðum deildum, þar til á síðustu stundu, að það var felt í efri deild við eina umr., vegna litilfjörlegs ágreinings milli deildanna um aukaatriði, sem nú mun eigi geta komið til greina lengur.